

Fundur stjórnar ÆSKP 12. apríl 2018 í Neskirkju

Mætt: Eva Björk, Katrín Helga, Sigurður Óskar, Sóley Adda, Jens Elí, Ása Laufey og Daníel Ágúst. Einnig situr Jónína Sif fundinn.

Fundur hófst kl: 12:00

Útskrift úr Farskóla leiðtogaefna

15 krakkar útskrifuðust úr farskólanum. Biskup mætti og allt gekk vel. Jónína nefnir að það virtist vera frekar mikill órói í athöfninni. Það gæti lagast með því að kynna krökkunum betur formið og laga það.

Athöfnin var samt mjög skemmtileg og atriði útskriftarnemanna sló í gegn. Krakkarnir bjuggu sjálf til atriðið og því fylgdi flottur boðskapur.

Magnea, skólustjóri farskólans, var ekki nógu sátt við að kenna alltaf á löngum laugardögum. Það er hugmynd um að blanda löngum laugardögum við kvöldstundir.

Væntanleg ferð á Egilsstaði

Það þarf að fara að huga að dagskrá landsmóts.

Sigurður, Eva og Jóhanna Ýr (landsmótsstjóri) eru að fara á Egilsstaði laugardaginn 20. apríl. Jónína var þegar búin að fara og kanna aðstæður og áhuga heimamanna.

Það þarf að ganga frá aðstöðunni, því er nauðsynlegt að vita hvað verður á dagskrá. Það er leikjapema á mótinu og því er líklegt að dagskráin verður stokkuð upp rækilega.

Miðað við skráningartölur í fyrra eru flestir að koma á austur- og norðurlandi. Því er þetta ekki endilega lengra ferðalag fyrir flesta.

Það gæti verið meira spennandi ferðalag fyrir krakkana að fara á Egilsstaði og mótið lendir ekki á vetrarfríi í Reykjavík. Því gætum við búist við meiri skráningu í október en í fyrra.

Ferðin frá Digraneskirkju til Egilsstaði eru 7 1/2 klukkutímar í stanslausum akstri í bíl og því má búast við að ferðalagið taki um 9 tíma í rútu með stoppum. Ef lagt er stað frá Reykjavík kl 8, er áætlaður komutími um kl. 17.00-18.00. Rútubílstjórarnir ættu að geta sagt nákvæmlega hvenær mæting sé, og hægt væri að miða við kvöldmatinn út frá því. Hægt er að hafa flæðandi mat, að allir fá sér að borða þegar þau koma og eru búin að koma sér fyrir.

Reykvíkingar munu fara suðurleiðina, svo lengi sem verur leyfir, svo hægt verði að taka upp Selfoss og fleiri á leiðinni.

Við þurfum ekki að hugsa um að krakkarnir fái frí í skólum til að fara á mótið, því að við leggjum snemma af stað á suðurlandi. Kirkjurnar og foreldrar eiga að redda því.

Dagskrá landsmóts

Farið var yfir dagskráanna í fyrra með og dagskráin bæði hugsuð útfrá Egilstöðum og aðstöðunni ásamt þema mótsins. Vegna þessa var stokkað upp í dagskránni en fastir liðir sem virka vel síðustu ár voru látnir vera áfram.

Það þarf að hugsa vel um það við skipulagningu og staðsetningu dagskrárliða að hægt sé að fara í leikina sem ákveðnir verða.

Landsmótsnefndin:

Sigurður: Framkvæmdastjóri ÆSKP

Eva: Formaður ÆSKP og umsjón leikja

Sigga: Fulltrúi heimabæjar

Daníel: Fjölmiðlafulltrúi.

Katrín: Tæknimál (ekki hljóð og ljósamál) og gjaldkeri.

Konný: Vaktir.

Heba: Umsjón yfir sjálfbóðaliðum.

Sóley: Hæfileikakeppni.

Jens: Sjoppa.

Anna Lilja: MIP

Bjarni: Snattari/ bílstjóri og MIP

Ákveðið var að athuga hvort Hjörtur gæti verið í tæknimálunum og Jens með honum til að geta lært um þau.

Einnig verður Hjalti með Hvíslhornið

Kirkjuþing

KUF haldið á biskupsstofu 26. maí. Ása og Kristján sjá um það.

Útilegan

Eva og Katrín ætluðu að sjá um útileguna, en Eva verður úti einmitt þegar útilegan er. Jens og Sóley taka þátt í skipulagningu og sjá um mótið með Katrínu á staðnum. Eva ætlar að tala við Úlfjótsvatn, um hvort væri hægt að taka frá eina flöt.

Haldið fyrstu helgina í júní, 1-3. Júní.

Leiðtoganámskeið í haust

Jónína er að skipuleggja það.

Hausnámskeið með ÆSKR

Síðast var skyndihjálp.

Hugmyndir fyrir hausnámskeið: Verndum þau. Siðareglur kirkjunnar.

Viðmiðunarreglur vegna ferða

Katrín hefur ekki komist í það að skoða það en það er í vinnslu.

Fundi lauk 14:30